rum ben[illegible] ferva[illegible] deinceps a
gem [illegible] Rex enim [illegible] iter exe[illegible]
que: [illegible]
[illegible]
[illegible]
[illegible]
eodem [illegible]
[illegible]
[illegible]
[illegible]
[illegible]
[illegible]
[illegible]
[illegible]
[illegible]
[illegible]
[illegible]
[illegible]
[illegible]
[illegible]
ad Regem [illegible]

Thotts Saml. nr. 1502. 4to.
titilbl. sem hér, en bætt við:
"uppskrifað ár [illegible] pr. ept?
manuscripto."
þar er og allt hið sama sem hér til enda
(á bls. 47 hér).

H[illegible] gefur upp

Lok[illegible] i Læte,

þad er

Stu[illegible]ar Frœsagner

um

þann vonda Raugvætt

Loka Laufeyarson,

nefnelega

Um hans Ætt og Uppruna, Gedslag og Iþrotter, Slægder og Svikareglur, Odæder og Ævelok rc.

Samanteked ur fornum Frædebokum og utlagt i hversdags Islendsku, med stuttum Textans utskyringum, til Samanburdar vid þessarar Aldar hatt og aullum æsamt til lærdoms og vidvorunar.

Ur Klaukuþætti Cap. 10.

Oc hann mun veiddur verda i þeirre snauru sem hann hefur þer tilbuna og illgiarnlega uppegnda.

Prentad i Kaupmannahøfn.



Incipit libellus Lokabøattur de Psevdopoliticismo, secundum Auctores antiqvitatis probatissimos, præsertim Eddas & veterum Poëtarum Carmina.

Prologus.

Ecki er god visa ofopt qvedin. Imas þad mæltak og so skiliast um fræsagner þær sem greina vonda blute mannum til þarflegs Lærdoms og vid varanar (1). Þeir sem Eddur lesa vita hvør vered hefur Loke Laufeyarson, og hve miklu vondu hann kom af stad i Asgarde, med folskum

(1) Saugur af illmennum finnaz og strædar i helgum ritningum.

skum Politessum (2), og aullum þeim svika mylnum, sem hann hlaut þo alltjafnt siaalfur ur at leika, þaangat til at ecke dugde leingur og hann vard flæktur og faangenn i sinum eigenlegum Veidebrellum, feck hann so herfelegar utfarer og kvalafulla prisund, sem hann enn þaa gister og gista mun fyrst til Ragnarøckurs. Nu af þvi at hann var so aalitlegur, og flest raad hans so vel medteken, at maurgum synest gott um enn i dag, hafande þau so sem adra Goda frett, þaa mun ej oþarft, at ver utmaalum hann Loka med naatturlegum ysferlit, og allar hans Statsmaximur (3) i þvi brokada maale (4), sem nu er brukanlegt, so at aullum þeim rett vilia siaa og

(2) Klokskapar reglur heita nu Politesser.
(3) Statsmaximur kallast vissar Reglur sem haldnar eru omootmælelegar, og brukast til stiornar Lands og Lyda.
(4) Islendska, sem þesse Þaattur er skrifadr i, er brokud edur meingud med alþektum glosum og ordum framande Þioda.

og godvitrer heita, mege kunngioraſt hans athæfe, til at fordaſt þad, og ſtunda betre Lifsreglur; Skal ſo greina fyrſt um upphaf hans og Iþrotter, og þvi næſt ymſar atferder, unz hann var tekenn, allt epter þvi ſem aadur er ritad i fornu maale.

Cap. I.

Um Ætt og Upphaf Loka.

Um Forelldra Loka er ritad i Eddu; Fader hans var Karl nockur þurſalegur (5) ſa nefndeſt Farbaute, en Laufey moder; hun het og Naal audru nafne; og ſoſem Karl var ſterkur, og ſtorkoſtlegur, þa var Kerling hans veik og litel (6). Af ſo olikum hionum hafde Loke

(5) Farbaute nefneſt Jotun i Eddu, en Karl i O. Tr. S. Sogu.

(6) J annarlegre meining og epter vorum aldar hætte, mæ taka fyrer Forelldre Stoder þær allar og aull þau medol, ſem vonder og ſlæger menn vaxa vid og komaſt til metorda.

miog sundurleitar nátturur, gat hann bæde vered karlmadur og Kona, en þo var hann helldur blaudur enn hvatur i aullu edle. Litell var hann vexte og nogu sielegur, en duglaus i aullu þvi til mannskapar hlydde, samt vannst honum margt med slægd og svikum; hann var fullur med Project (7), og allslags uppæslætte og þvi kallast hann i Eddu Fiolbreytenn ad hattum vitande viel til allra hluta. Enn allt fyrer þessu mætte Loke hvorke vitur heita nie diupsær, þott hann være fliotskarpur og næmur

(7) Project er eitt útlendskt ofætes ord, sem bokstafast project, og mæ heita Framvarp æ Norrænu, had er ein uppfunden og fyrer Almenning eda hofdingia framsett meining, um notkud nyslærlegt sem giorast kynne, og synez gagnlegt vera, enn adrer skulu hafa omak fyrer og vandann af þvi, enn framvarpsens haufundur hlytur allan æbatann, þo hinir sieu narrader og hafaj hvervetna ecke annad enn skada.

ur (8). Af þvi voru aull ráð hans taalfull og affaraslæm, en hann strax tilbuenn med aunnur ráð, eins oheil og hin fyrre so ad þar fyrer fyndest jafnan nockud aa gengt verda. Loke var miøg skiotlegur i bragde, lettlyndur og maulugur, graalyndur og glettenn, otrur og bakmaull, hædenn og hnysenn miøg um hage manna. Mun þetta sannaz betur og skyrast af þvi sem epter kemur. Villum ver nu fyrst geta þess er Loke kom i Aasgard, enn þad er tvillaust, at her aa Nordurlaundum, er afstada þeirrar Borgar er Æser bygdu (9) og at Odenn het Konungur med Aasum vitur og raadugur og mattugur i allra kynia speke; er þess vidgeted i Saurlahætte, at snemma rikes hans kom

(8) Her er giørd naudsynleg adgreining aa millum þess manns sem vitur er og hins er ad eins er fliotskarpur; skedur þad og skialldan ad vitur madur sie fliotskarpur eda fliotskarpur madur vitur.

(9) Aasgardur hinn nýe var i Svibiod.

Loke til Asgards og giordest madur Konungs; Seger þar so fra, at Loke være litell vexte, skrafenn og kyndugur þegar a unga aldre enn þo hvörs daglega glad-ur og kompanlegur vid hvörn þann sem hia honumm var og (10) leiken mïog vid alla þa er til vildu verda; ecke var hann velþockadur af godum monnum, þvi hann spillte iafnan fyrer þeim, og for med ovæge-legar'seguslettur til Kongs og Hofdingia enn þokte siälldnast rett utbera; Aufund-siukur var hann mot aullum þeim er unnu ser eitthvad til hrooss, og voru ordsæler, vegna þess þa drap hann ad veitslu nock-urre mann (11) þann er Fimafeingur het, fyrer einga adra tilgierd enn þa at hann heyrde alla bord sitiendur lofa hann fyrer sina goda þionustu; þo var þad miklu verra verk er hann sveik af life Balldur hinn Goda af þvi at hann gat hvörke sied ne

(10) Leikfullur og smægletten.
(11) Æger giorde þa veitslu mot Asum, voru þar þo Alfar marger.

ne vitad frægd hans. Var hann og nu þess orsök ofan i kaupeð, at Balldur vard ejge grœtenn ur helju og komst ecke heim aptur ur Nifllheime (12) til sins Faudurlands. Loke var bæde framhleypenn og hlutsamur, so at sialdan kom þad maal upp at hann være þar ecke vidridenn, stofnade hann æsum þrætt i olucku med raadum sinum, og iafnan var hann vestur Landsmönnunum (13) enn vid alla miukur a manne, buenn til at giora litel hægrevik, hvor sem beidde, og lofade iafnan aullu faugru enn hiellt þo ogiarnan (14),

 enda

(12) Hel dotter Loka rikte i Nifllheimi yfer daudum mönnum.

(13) Loke var ohollastur og mest skadlegur sinum medborgurum, nefnelega æsum og þeirra nægraunnum audrum þegnum Kongs.

(14) Þarfyrer eru þesser Refar miklu skædare enn adrer iller menn at þeir synaz velviluger og þeirra vondska liggur ei svo open

fyrer

endal þegar uppkom flærd hans og birgd-mælge, ellegar nockur haiſkaverk, þa toku Æſer hann og hotudu pinſlum, nema hann bætte ſiælfur, og bitte einhver ur-ræde, vard honum og aldregi rædaſkortur, þo hverke være hann heilrædur nie god-rædur ſem ſagt var. Loke geck a haund Odne Kongi og var honum kiær miøg frá man af, þvi ad hann var hentugur til allra handa Prosjekta ſem æ þeim daug-um geyſudu med Æſum (15). Af þeſſum upptaukum vard Loke mikils metenn i Æsgarde og var halldenn i rod landſens hoſdingia, þott einganvegen ſie þad ſkili-ande i godre meiningu, þvi at i ſkælldu kallaz

---

fyrer hvørs manns augum og ævortur il-ſkunnar ſez ei fyrr enn laungu ſidar þa verked ſiálft er gleymt eda fyruſt yfer.

(15) Hvad margt og myked æſer áſamt Konge ſiælfum adhauſdnz, þar um er at léſa i Eddu og helſt um þeirra ſtorſeinder og byggingar i upphafe rikeſins ma ſia fyrre partenn af Voluſpa.

kallaz hann Rogbere aſa; Flærda frum-
qvede og vomm allra guda og manna.

Cap. II.

Um Iþrotter, Brøgd og kyn breyt-
ingar Loka.

Gedslag og dagfar Loka var nockud um-
rædt. Nu luta her ad myklu fleire
hluter og ſier i lage hans Iþrotter, hveriar
meira ſtaz i prettum og braugdum, enn i
ſaunnum Viſendum eda lærdome, vard
Loka þat hellſt fyrer at flyia, þegar er
hann merkte otaad, þaa at vinda utur med
audrum hætte; Jafnan vard hann hræd-
dur og i ſtaudulaus, ef at hætta nockur
kom at haundum (16) enn annars lettud-
igur og hvatvis, viliande giarnan vera
allt i aullu, þott einge hefde efne til;

A 6 Hræ-

(16) Þetta er viſt merke allra Luckunnar
Sona, ſem falſker eru, enn þar hiaa dug-
lauſer og grannhyggner.

Hræsenn var hann ur mata, þottest kunna skyn a aullum (17) Scientiis, og allar Professiones (18) og handyrder raked geta fra fyrstu upptaukum, optlega for hann i Smidiu, og komst epter annara manna þaunkum edur alite um þad og þad, en eignade ser sidan allt, og leynde þvi alla, hvadan honum komu hyggende. Af þessum og þvilikum raukum var Loke vis og lærdur haldenn i allskonar Frædum; endu þott hann ræke sig a tidt og opt, og uppkæmest hans ovitúrleikur og lærdoms- leyse, þa sa þad ei alþydan, þar hann lek strax ur, sem best hann kunne, og hitte þar

(17) Scientia kallast hvers flags lærdomur hálærdra manna, sosem eru Landstiorn og Laugvise, Natturu speke, booklegar kunster rc.

(18) Profession kallast margvisleg Handverk, sosem, Smida, Klædavefara, Kaupmáñ na, Farvara, Skraddara, Skomakara, Fiskara, Pottamakara, Fiarmanna, Pro- fiectmakara rc.

þar uppat eitt og annad nýstarlegt, so at þitt skyldi ecke verda i minne lagt (19) Hafe þer heyrt hvorsu sor, þar þeir Brockur attust vid. Loke raupade so frekt af gripum sinum, at hann lagde vid hausud sitt, þad aungva slika være at fa; enn er hann hafde tapad Vedmalenu og hausdenu med at allsheriar dome, þa biargade hann ser med undanhlaupum og utflugtum, þo at ecke slippe hann skammar-

A 7 lauft.

(19) J þessum og nærstfyrerfarandi Capitula er under personu Loka utmalud soddan ein farleg skepna, i borgaralegum Selskap, sem er slæg enn þo ovitur, rædug enn þo illrád, diorf enn þo raug og dygdarlaus, viliug og lagsæl, og lucfuleg til alls þess sem villa kann og vergegner, leggiande allt at jausnu gott og illt, ræktarlaus og otrygg, enn vest i aullu umvardande; verdur so stuttning malsens su, at sannvitrir menn eru aldrei iller; og iller menn eru ætid heimsker eins þott þeir seu slæger og braugdotter.



laust. Honum hefur netgiaurd eignud vered, til at flækia i menn Fugla og Fiska, af þvi at hann reid fyrstur Rækna, so at fyremenn: Ása visü, og samt mæ stæ þad af Andvaraliodum, at eitt sinn aud-ur hafde Roan led honum net sitt, til at veida Dvergenn i Geddu-like, og nam hann mauskvagiaurdena þar af. Su var ein Iþróott Loka þo litt kæme þiod at gagne, þad hann var fliotur at jeta, og (20) kiænn i matarhættum, þo komst hann varla i hælfan qvist vid Loga i Utgarde þann tid nefnda list reyna skyllde. Framvegis er honum þad til Iþrottar taled, at hann var miked snar i snuningum, og skiotur æ fæte, ætte hann letta sko, sem hann brukade til at hoppa med, eda hlaupa, nær einhvers stadar skyllde bregda ser, og so

(20) Loke kunne og so tilbua mat og bordrette; mæ ræda um hans kockamensku, þæ hann var i Ferd med Odne og Hæne, bæde þegar Nautenu var slætrad, og matreida skylde Oturenn.

so snar var hann stundum, at hann syndez valla koma vid Jördena, enn þo gat Þor teked hann hvenær sem hann villde; hiálpade honum hvorke liettleikurenn, nie skorner, þar tid er Dvergurenn nade honum, og rifade saman munnenn til at hindra slasur hans. Nu mæ af þessum Dæmum siaa, hvilikar Iþrotter Loka eru i siálfum ser, og hve mikels þær munu metnar vera af vitrum mönnum; enn af prettum hans, og þeim framgange sem hann þar i hast hefur, er miklumeira at segia; Vilium ver nu fyrst skyra fraa kynbreytingum (21). Madur hefum ver þar aa drepeð, at Loke hafe mieg hneigst til qvennlegs edles, ef aa þaa leid mætte ad orde qveda, þar hann þyddez ogso skynlausar skepnur, og tok stundum aa sig blaudra. Dyra

(21) Fyrer kynbreytingar aa þad ad skiliast at Loke gat ymislega breytt kynferde sinu til margra Dyra til kallkyns og kvennkyns &c.

Dyra Nattturu (22). Fyrst hafde hann, sem alkunnugt er, qvennmanns fas; i maurgum greinum, var litell og linur, smafelldur, og skulkulegur i maalrome, og þetta ma sia af Þrymsqvidu, baudst Loke til og var kiorenn, at vera þerna Þors og hafa ambattar giorve (23) talade hann fyrer brudena og mællte aull þau ord er mæla þurfte, af þvi at hann var skiotur til svars: en raustin veik og mio, maatte og Þor fyrer aungvan mun, sina kallmann lega raust heyrast laata i þad sinn. Loke

(22) Her maa og annarlega edur yferuin-flutta meining hafa, þvi sa giørest kona sem likest qvennmanni i Edle, gede og at-hæfe, er letilyndur, vidfeldenn, og hvik-ull i gedslage, nettur og smaasnotur, meir enn epter kallmanns natturu.

(23) Þetta giørdest þann tid Loke hafde spurt um Þrudhamar, og Þor for at sækia hann buenn sem Freya, hvar lofad hafdi Loke at giftast skylldi Þrymi Þussa Kongi, sem hamrinum hafdi stoled.

Loke tok optar uppaa sig qvennbunad so sem packar Rellingar (24) er gret hur-rum taarum dauda Baldurs; hann brar og aa sig Konulike, þaa hann veidde uppur Frigg, hvad Balldre hinum Gooda mætte at bana verda. At Loke hafe med aullu Kona vered og baurn fadt, þar tid hann dvaldiz i Underheimum (25) þad hefur Odenn sialfur um hann vitnad: Nu var honum ecke nog vid mannlikan at vera, nam hann og uppaa sig ymsra qvikenda like, til at koma fram sinum margvlis legum Prosjectum og utrettingum (26) so-

(24) Þöck nefnest i Eddu Gigur edur Troll-kona.

(25) Loke var 8 aar i underheimum, maa segia epter vorrar alldar skilninge; at saa sie med hulldufolke sem launfalskur er, gengur i dularþoku og bruggar þar sin vielræde; soddann svik og pretter eru rett myrkra verk, og er saa ei liossens barn sem þaa fremur.

(26) Saa bregdur aa sig ymsra kvikenda like, sem

sosem Floarennar þaa hann komst innum skraaugated i skemmu Freyu, og stal menenu af haalse henne sofande. Fluga vard hann þann tid hann villde onytar giora smidesgersemar Eitra, bæde hefur hann fundenn verid i fiskiar hamse og fugls, þaa hann for ferdena til Geirraudargarda; at hann eittsinn var i Selsmynd, þad vottar Ulfur Uggason (27). Hvad meira er, Loke var stundum berqvikende, og hafde blaudra

Dyra

sem breyter i sidum og laatum epter þeim, hoppar sem Flo og bitur saart þess aa mille; Flygur og setz her og hvar aa sem Fluga, og stingur menn ibland, synder i skømmum sem Fiskur i vatne, er fliugande sem Fugl med piparatart, unggiædes, og brukara laatum, liprum og lettsinnudum complimentum ꝛc. og er hnysenn sem selur epter hvørre nyung, og aullu þvi sem vidber.

(27) Þad maa kalla so, at saa verde skynlaust dyr, og blaudt kvikende, sem aa einhvørn hatt omannlega, og okallmaulega breyter, þvert aa mote skynsemenne.

Dýra natturu, sosem kýr og merar; er þess vidgetid i Ægesdrecku, at nidur i under heimum vard hann so fullkomed naut (28) at hann miolkade sem adrar kýr, og um kapalstand hans vilium ver serilage ræda i nærstu klausu.

Cap. III.

Um Barneigner og Affkvæme Loka.

Margt er sagheyrt i þvi efne, og mega menn ecke samt efa vorar frasagner. En þeim lærder eru i fornaldar saugum, viisum ver til þeirrar uppsprettu sem ver hofum sialfer aused. Fyrst hefur Loke sem eigengiftur madur baurn att i natturlegu kallmanns edle (29) þar næst vit-nar

(28) Hvoll mun su miolk hafa vered; so eru og giafer falskra manna, þad verdur siallðan heilnæmt sem þeir miolka audrum, og barnid fær opt natturu þess sem þad sygur.

(29) Loke atte 2 born vid Signyu konu sinne.

nar hann um ſiælfan ſig, at hann hafe fram hiá margar konur haft, þær ſem gefnar voru; ſoſem (30) Ods, Tyrs og Niardar, ſeger hann i Lokaſennu, at kona Tyrs hafe vid ſer ſon fenged; En med því at eingar ſaugur geta herum (31) þá ſynez hann hafe ſnarpur vered, og logod upp heim og fleirum vommum til frægdar ſer, enn godum monnum til ohroдurs. Hitt er viſt at hann ætti þriár ſkrimſles-legar meinvætter vid Trollſkeſſu nockurre ſem ſvarade til nafnſens, og het Angurbode

(30) Freya var Ods, enn kona Tyrs er eige nefnd, ſo eg vite.

(31) Um þetta er hvörge talad nema i Lokaſennu. Má ſegia ſá eigne ſer annara Konur, ſem gefur ut þeirra ráд, verk og lærdom, fyrer ſitt eiged, ſtelur ſo frá þeim þeirra velforþientu hroſe, og ver af því, enn ofræger þá i ſtadenn, og ſeger þá eckert kunna ne vita, þartil ſannleikenn ſieſt á epter.

bode (32). Hun bio uppi fiaullum, i dymmum helli, og var þad ills vite þaa nafn hennar heyrdest fyrst, og til hennar spurdest i Mannheima. Loke var giarn ad allar skadlegar nyungar og sokte strax at leggia lag sitt vid Angurboda, þvert at mote villd Gudanna eckert um hirdande hvad illt þad leidde epter sig (33). Mikid være tilgefande at aldre hefde þad fiandans afkvæme fædst eda vidgang fenged i Godheimum, þviat af þessare barneign Loka,

(32) Þetta vonda flagd bodade maunnum sorg og mædu, og var ecke liossens barn frialst eda fromlegt, helldur dullde þad sinn illagrundadan tilgang.

(33) J einni yferum færdri meining, sem at vid asigkomulag þessara tida, mæ fyrer Angurboda skilia norkud margqvislad særlegt Prosject, sem miked medhalld fær og fyrer hennar afkvæme þær uppafyndingar og Innrettingar, sem þar at epter eru i verk settar og eigni þiod margfallda fordiærfun giora kunna.

Loka, og aullum þeim voveiflegum vidburdum og ogiæfulegum innrettingum, sem þar med fylgdu, þa er allshattar tyrming og Ogiæfa komen yfer land og lyde. Þau þriu Skrimsle hetu Fenrer og Jormungandur og Hel (34). Fenrer var olmur vargur, og mesta mannæta, sem œdde i kring, og reif i sig Alþyduna, so at horfde til mestu audnar i bygdenne fyrr enn hann vard fiøtradur (35). Jormungandur var ogurlega stor Ormur, sem laa i hafenu umhverfes allt landid, œt upp og utiluckte allt ætra fiskakyn, og tok fraa Landsmaunnum allan veideskap, so þaraf kom meste sulltur og hallære. Dottirin var ecke sonunum betre; Hel fylgde brædrum sinum, og færde sorglega feigd og skiæda drepsott yfer menn og fienad. Nu þarf ecke þessar meinvætter betur at utmaala, aller siaa hvorsu skadvænar þær [illegible] eru;

(34. 35) Fenrir kallast alment Fenris Ulfur i Eddu, og Jormungandur Midgardsormur.

eru; En eg vil ræda nockud um hann attfætta burd er Loke ferk. At hann hafe kona vered i annan spipenn og hann veg born borid, had er aður ritad (36). Nu ho at ecke seu hau nafngreind, ha er nog um hau at segia, hvi aull voru hau moðurinne lik, og oftimganarsaum, hitt er og hlægelegt at hugleida hvornen had margfotada folalld var underkomid (37). Eittsinn kom einn stor Prosjectmakare til asegards, had var ho meir i hann spunnid enn Rauped eitt; hann baudst til at hlada so vænan Griootgard kringum allan stadinn, at har fyrer innan skylldu menn ohullter bua fyrer Traullum og villu-

Dyr-

(36) Fyrer born Loka hvor hann atte bæde sosem kallmadur og kona mæ skilia hans gmeslega Fætus Ingenii eda verkaner hær hans Slægder hast hafa, af hvorium sumar eru blaudlegar enn adrar nockud hvatlegar.

(37) Sum framvaurp kunna ho at godu at verda, ef hau koma i vitra manna hendur.

dyrum, med busmala sinn og adrar Eigner; at þeim tima var eingen Torfæra medal Jotungarda og Godheima, nema moddan Yfing; lagde hana alldre um vetur, sem greina Vafþrudneemaal, og maatte jafnan at sælu-skipum yferum fara. Smidur þesse var Einvirke (38) hann reid gradheste þeim nefndist Svadilfare og kvadst hann einga mannhialp hafa vilia, nema reidskiota sinn til at flytia grioted at. Prosjected var stort og Asum þotte miked gagn i, ef framgengt yrde, þo var gardlagsmadurenn helldur kaupdyr, þvi Sol og Tungl villde hann hafa, og þann besta kvennkost er beid i Rikenu (39). Loke kom ser inn i þessa raada-giaurd,

(38) Fyrir Gradhestenn, maa miøg vel skilia epter nafnsens utskyringu, þann at kafa og æde, hvar med soddann menn framm-kvæma hugarens uppaafinningar, þangad til þeir einhvorn hnecker faa at lokunum.

(39) Þad er ecke nytt, at frammvarpa smi-

der

giaurd, sem hann var vanur, og olle þvi, at gestenum var heited kaupenu, skildu samt hausdingiar þad æ, at gardurenn ætte buenn at verda æ nærstu sumarmalum, og virdtest þeim otrulegt at hann mynde þvi orkad fæ, enn gott være hvad affastad yrde kauplaust, og hægra sidar vid at bæta: Nu for smidurenn til og vard honum furdulega ægengt med heste sinum, at þæ þriær nætur voru til sumars, sau Æser hann mynde buenn verda; Ecke hafde Þor vidvered þann tid (48) Accorded var giört, nu var hann heimkominn, og likade haunum storilla, þottust og aller Æser komner i mestu vandræde; þæ spyr Þor at, hvor at hefde fylgt rædum þessum;

der vilia geip hafa fyrer verk sin, þo minna sie enn storer griotvegger, þvi fyrer toman flautahræring, sæ þeir opt og tidum ofur fiær.

(49) Accord er eitt utlendskt ord, sem merker skilord, edur koste þæ sem einn giörer audrum.

um; enn Haufdingiar færdust undann, hvar-ust þaa baund at Loka, þo haufdu þeir aller gollðet Jarqvæde og þokte þad glopska mest, at lofa burtu sol og tungle, og spilla so bæde himne og Jaurdu; enn þad heitord var bunded so sterkum eidum at Æser mattu aungvannvegen ægænga, þa var Loke tekenn og til draaps ætladur nema hann hitte nockurt þad raad, at smidurenn yrde þarfyrer af kaupenu. Loke vard skelkadur, sem vonlegt var, lofade hann þessu fyrer at koma, og med þad var hann laus laatenn; kvollded epter for gardlags-madurenn griot at sækia, þaa tok Loke þad til bragds sem kunnugt er orded (41) at hann giordest ælæg mere, og hliop hneg-giande fram ur skogar nefe nockru, þar smid-

(41) Þesse Adferd Loka syner þad, at einn falskur madur sem ærulaus og odygdugur er, kann at vinna þad til at tapa virdingu sinne, og iafnvel bruka þaa þrælslegustu hy-icke til þess at hann kome fram sinum as-setninge.

smidurenn leidde hest sin fram hiaa, en hann sleit þegar aull baund af ser og rann epter merenne, seck madurenn aldri teked hann og hindradest so verked. At lidnum tima kastade Loke tveggia maka syle med atta footum, þad let Odenn Kongur ala (42) ser til Fararskioota og kallade Sleipner var hann allra hesta fræstur, og footade sig hvivetna, þvi hann hafde þad af modurenne, og brukade Kongur hann i allar þær dularfarer (43), og Politiska Leidaangra er æ heim Aulldum tidkuduz.

Cap. IV.

Af fleirum athaufnum hans.

Adur enn ver segium fra afdrifum Loka

(42) Fyrer Sleipner med so maurgum foot-um, mæ taka selskap eda samband nockra underdana, sem brukast til rettingar og mælagreidslu bæde fiær og nær.

(43) Sosem þæ hann reid i Jotunheima til Hrugnis, til Vafþrudnis &c.

Laufeyarsonar, þar vilium ver i stuttu maale rita hinar merkelegustu athafner hans. Su var ein er hann hiaalpade Piassa Jotni til at stela þeim Odœns eplum(44) er Æser aal-fdu og haufdu af laanglife: enn upptauken veru þau, at Loke gletteſt eitt sinn vid Piassa vegfaranda, þaa Oden Kongur hafde gefed haunum sodstycke(45). Loke

---

(44) J annarlegre meiningu mega þesse Eple þyda almenneleg næringar medaul og atvinnu sem ein þiod lifer og blomgast af.

(45) Kiotstycked maa merkia braud, em bætte eda nockra aabatasama handtering, en þiasse launade illa giofena, sækiande og so epter at naa þeirre helstu lifsbiaurg, sem Æser haufdu; So gíøra þeir, sem med utdragande haundlan edur audrum Aabata saukum, hremma til sin heillar þioodar Næring og lifsupphellde, finnande ei fyrr enn þvi helsta og besta er naad, þaa folkid er epter uttæmtz og eydist. Loke giaürer ser einga Samvitsku af þvi at binda heimuglegt sambänd vid Piassa til slikrar haund-

lunar

Loke þeckte þaa ecke Jötunenn þviat hann var i sinum arnarbelge, og hremmde ofan i ketelinn, tok hann helldur gifurlega til, og flaug upp med uxa-lær og booga. Loke sat þar yfer offionum og slo med þvorunne til Piassa, lodde hun i sidrinu, enda voru þar og fastar hendur Loka vid þvoru skapted og flaug aurnenn afstad med allt saman, en soor so lagt at fætur Loka droguft um hraun og skoga: Loke reyndist mieg og þoler illa qvolena, æper hann hatt og bidur Piassa sem audmiuklegast at sleppa ser, hann qvadst aldrei giora munde nema Loke svære ser þad, at koma so Jdunne utum Asgard, at hun hefde med ser Lif-eple Gudanna; Loke heiter nu þessu med svar-daugum, og leynde þvi bæde Kong og haufdingia; Einnhvorn dag kemur hann at maale vid Jdunne, og læst hafa funded uti

B 3 skogi,

lunar enn til fordiaurfunar sinum eigen landsmaunnum, sviklaude þar hiaa sinn Kong og Lanardrottenn, hans eign og þegnum eydande.

skogl, þann Apalldur er bære so godan frykt, at hann kvedst eingan slikan sed hafa, þann (46) forsikrar þana þaingat til at hun tekur Eple sin, og ætlar at bera þau saman vid nysunden eple Loka ; Nu gainga þau utaf Borgenne; en þar var þar fyrer Þiasse Jotun, og nam Jdunne burt med ser; Æser feingu braatt ellesoott og uppdrættar, var komed i ovænt efne, og grafast þeir fast epter um þvarf Jdunnar, so at þad spurdest seinast til, at Loke hefde leidt þana ut um Asgard, gainga þa Æser at haunum vægdarlaust, og villdu þegar hegna Drottenssvikin, en hann bad a margalund fyrer sig, og lofar allt at endurbæta. Þa feck Loke til laans Valsham Freyu, flaug hann unz hann kom i Þiassa-tun (47) og fann Jdunne, og iafnskiott

(46) Forsickra og forsikra er eitt brukanlegt utlendskt ord, sem merker at yfertala einn, at hann ohulltur skule trua og reida sig uppa þvad hinn sagt edur lofad hefur.

(47) Þesse bær Þiassa nefnest Þrymheimur bæde i Grimnismalum og Eddu.

skiott for hann burt med hana; Jotuninn var ecke heima (48) en er hann kom af sio, saknar hann konunnar, og veiter Loka þegar eftersaur, en naade haunum ecke fyrr enn vid æsgrindur; voru þar þar fyrer Æsér allir og unnu þeir æ Piassa so at Loke slapp vel ur þessare klipu. Skaumмu sidar kom Skade Piassadotter til at heimta Faudurbætur af æsum, var hun hnipen mieg, og hafde þad i skilorde, at Æser skylldu gledia hana; so at hun hlæ. Loke baudst til raunar og hafde framme margskonar narrari; en er eke tiæde, tok hann þad til bragds, at hann batt æ skeggenu geit eina vid skaup sin, togade

B 4 hvert

(48) Allar Eddur segia at Piasse hafe æ sio verid, þann tid Loke kom; mæ þar af ræda at hann hefur skip ætt, og af sæfaurum biargræde haft, og groda; er þad og eptertekta verdt, at siosokn til fiskiar var þursaleg iþott i forneskiu, þad mæ bæde siæ af vælægre grein, og audrum, einkum Hymusqvidu.

hvert annad og ſkræktu hatt, þa let Loke fallaſt i kioltu Skada, og i þvi hlo hun; ſo er mællt ad upp fra þvi være hann onytur til barnsgetnadar(49)og þokte maunnum, þad litell ſkade, þviat allt ofmarger voru þa ordner kenningar-ſyner hans, foſtur baurn og ættleidingar (50). Annad ſinn var þad ſem ver ſyrr umgaatum at Loke for hnyſneferd til Geirraudargarda, og var i fugls like, ſettiſt hann a hallarveggiñ og (51) gægdeſt inn um gluggann.

(49) Þennan poſt hefe eg ecke i audrum ſaugum fundid, og er þo liklegur, og makleġt var ad Loke hefde þetta fyrer ſin Gárungalæte, ſem þvi ſidur ſomde einum yfermanni, at þorparar ſkirraſt nu vid, ſlik ſkripabraugd epter at hafa.


(50) Baurn og hyſke Loka eru aller þeir ſem epter hans tauktum og dæmum breyta, ſo ſem Cræs og ovitugs meiſtara.

(51) Heraf ma ſia þa natturu Loka, at hann var ſo forvitenn, og ſpurull um hage annara manna: eru og talin nockur dæme þar uppa i þeſſum ſauguþætte.

ann. Geirraudur Jotun var fiolkunnugur, hann sa at mannsaugu voru i hausde fuglinum, og let hann taka hann, þvi at Loke vard fastur a fotunum, er hann villde uppfliuga. Geirraudur kvadde hann maals, en fuglenn þagde; þa var hann i kistu læstur og svelltur haalft missere, en epter þad mællte hann og lofade þa Jotninum at koma Þor so til Garda at hann hefde ecke vopn sin med ser (52) þad endte Loke sidar, og gickade Þor, sem fus var til frægdarinnar, at fara vopnalaus: Loke var i þeirre ferd, og foru skipte þeirra Geirraudar sem fra seger i Þors Draapu. Loke var og med Þor þa hann for til Utgarda, og i fleirum ferdum var hann med haunum, þokte Þor

 hann

(52) Geirraudur var einn skædur ovinur Asa villde hann eyda þeim bestu og mestu maunnum, er voru briost og styrkur þeirra saudurlands, horfde Loke ecke i þad, at forraa, da þa og alla sina þiood, en draga til þess taum Geirraudar.



hann ſkemtinn og ſpaugſullur. Loks var vid eingan af æſum ſo hræddur ſem vid hann, ſamt gat hann ecke halldeđ ſer fraa þvi at glettaſt vid Sif konu Þors (53). Hann auſundade þad at hun hafde fegra haar enn Signy kona ſin og hvor aunnur af æſinium, vegna þeſs klippte hann eitt ſinn haaređ af Sif ſofande; enn er Þor ſrette þad, reidđiſt hann ækaflega, og ſagdeſt ſkyllde molva i Loka hvert bein, utan hann bætte þetta ſpell aptur; Þaa beſtillte Loke Sifiarhadd i ælfheime med fleirum godgripum, og utaf þvi komſt hann i maalid vid þaa brædur Brock og Eitra, ſem adur var ædreped; hlaut hann litla ſæmd i þeirra vidſkiptum þo gat hann ſkrafad Brock uppe, þaa hann villde halshauggva hann, med þvi hann ſagde at Brockur ætte hauſuđeđ og ecke haalſenn,

og

(53) Ecke hlifdeſt Loke helldur vid at hæda gudlega hlute, og giøra gys at þeim, hvenær ſem hann þar med gat þionat lund ſinne.

